

Föstudaginn 17. október 1986.

Nr. 17/1985. **Halldór Dagsson**

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Steingrími Þormóðssyni

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

Veðskuldabréf. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1985. Dómkröfur hans eru þær, að synjað verði um hið umbeðna nauðungaruppboð og stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að hann byggði ekki á því sem málsástæðu til gjaldfellingar veðskuldabréfanna og eftirfarandi nauðungaruppboðs, að Tryggingastofnun ríkisins hefði hinn 8. apríl 1983 beiðst nauðungaruppboðs á bátnum m/b Rúnu SH-35 (áður Dagur HF - 1).

Veðskuldabréf þau, er mál þetta tekur til, féllu í fyrsta sinn í gjalddaga 1. apríl 1983. Áfrýjandi hefur ekki sannað að hann hafi fengið frest á þeim gjalddaga. Skuldabréfin voru þá til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi. Áfrýjanda var um þetta kunnugt og viðurkennt er af hans hálfu að hann hafi í tæka tíð fengið fullnægjandi tilkynningu frá bankanum um greiðslu afborgana og vaxta af bréfunum.

Hinn 1. maí 1983, er áfrýjandi hafði engin skil gert á bréfunum, ritaði stefndi honum innheimtubréf, þar sem m.a. segir: „Ekkert hefur verið greitt inná bréf þessi og eru þau því öll í eindaga fallin, skv. ákvæðum í þeim sjálfum.“ Bréf þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að með því gjaldfelli stefndi öll veðskuldabréfin sam-

kvæmt ákvæðum þeirra vegna vanskila áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda er viðurkennt, að honum hafi borist bréf þetta 2. maí 1983, en hann gerði ekki skil. Stefnda var því rétt í samræmi við ákvæði í veðskuldabréfunum að beiðast nauðungaruppboðs á hinu veðsetta skipi, svo sem hann gerði með bréfi til uppboðshaldarans í Hafnarfirði 9. maí 1983 og síðar, eftir að báturinn hafði verið umskráður, með bréfi til uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 26. júní s.á.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 45.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Dagsson, greiði stefnda, Steingrími Þormóðssyni, 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 4. janúar 1985.

Með bréfi til uppboðshaldarans í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dagsettu 26. júní 1983, hefur Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður krafist þess að vélbáturinn Rúna SH-35, skipaskráningarnúmer 1252 (áður Dagur HF-1), sem er 29 brúttó-smálestir að stærð, verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar veðskuldum að fjárhæð samtals kr. 709.987,00 með 20% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. apríl 1982 til 1. apríl 1983, en með 5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 851.197,00 frá 1. apríl 1983 til greiðsludags, auk innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og alls kostnaðar við uppboðið, allt að frádregnum kr. 304.034,10, sem greiddar hafa verið pr. 13. maí 1983.

Uppboðspoli, Halldór Dagsson, hefur krafist þess að synjað verði um hið umbeðna nauðungaruppboð og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 14. desember sl.

Uppboðsbeiðni gerðarbeiðanda fylgdu sem uppboðsheimild sjö veð-

skuldabréf sem öll er útgefin af Halldóri Dagssyni, Lyngbraut 3, Garði, Gullbringusýslu, hinn 1. maí 1982 og tryggð eru með 4. veðrétti og uppfærslurétti í m/b Rúnu SH-35 (1252), en skuldari bréfanna, nefndur Halldór Dagsson, uppboðspoli í máli þessu, er þinglýstur eigandi veðsins samkvæmt veðbókavottorði, sbr. dskj. nr. 18 og 50. Skuldabréfin eru útgefin til handhafa. Við útgáfu þeirra er nafn og skráningarnúmer bátsins tilgreint m/b Húnavík HU-38 (1252), en fyrri eigendur hans voru Sigursteinn Guðmundsson og Matthías Sigursteinsson, Blönduósi.

Eitt skuldabréfið er að fjárhæð kr. 51.883,00, eitt er að fjárhæð kr. 100.000,00, tvö eru að fjárhæð kr. 79.052,00 hvort og þrjú að fjárhæð kr. 150.000,00 hvert, eða samtals kr. 709.987,00. Skuldabréf þessi voru öll með gjalddaga í fyrsta skipti 1. apríl 1983, en að öðru leyti eru gjalddagar tveir á ári, 1. apríl og 1. september (1. október) ár hvert.

Þar sem tilskilin afborgun, ásamt vöxtum af bréfunum, var ekki greidd á gjalddaga 1. apríl 1983 kveður uppboðsbeiðandi að skuldara bréfanna, Halldóri Dagssyni, hafi verið tilkynnt, að færi greiðsla ekki fram fyrir 15. apríl 1983 yrðu bréfin öll gjaldfelld. En engin greiðsla hafði borist 1. maí 1983, voru bréfin gjaldfelld og sendi uppboðsbeiðandi, Steingrímur Þormóðsson hdl., sem þá hafði fengið bréfin til innheimtu, sérstaka tilkynningu um gjaldfellinguna til uppboðspola, dags. sama dag, með hrað-ábyrgðarbréfi. Bréfi þessu var síðan fylgt eftir með uppboðsbeiðni, dags. 9. maí 1983, er beint var til uppboðshaldarans í Hafnarfirði, einnig með hrað-ábyrgðarbréfi, og krafist nauðungaruppboðs á m/b Degi HF-1 (1252). Með bréfi uppboðshaldara dags. 16. maí 1983 var uppboðspola tilkynnt um kröfu uppboðsbeiðanda og væntanlegt uppboðsmál er tekið skyldi fyrir 16. september 1983. Er síðar kom í ljós að báturinn hafði verið umskráður til Stykkishólms vegna kaupsamnings milli uppboðspola, Halldórs Dagssonar, og Önnu hf., Stykkishólmi, dags. 9. maí 1983, var áður sendri uppboðsbeiðni til uppboðshaldara í Hafnarfirði beint til þessa embættis, svo sem fyrr greinir.

Þá kemur fram, að hinn 11. maí 1983 greiddi uppboðspoli kr. 304.034,19 vegna uppboðskröfunnar og var upphæðin lögð inn á ávísanareikning nr. 44320 við Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Blönduósi, eigandi Sigursteinn Guðmundsson annar tveggja eigenda bátsins er höfðu selt hann uppboðspola.

Þar sem uppboðsbeiðandi taldi að með umræddri greiðslu inn á reikninginn í Búnaðarbankanum væri ekki um fulla greiðslu að ræða til að koma bréfunum í skil, ógreiddir væru dráttarvextir og innheimtulaun, auk þess sem greiðslustaður væri ekki réttur, og skuldara hafði verið tilkynnt um gjaldfellingu bréfanna áður en greiðslan var innt af hendi, hélt hann fast við gjaldfellingu skuldabréfanna og krafðist eftir sem áður nauðungarupp-

boðs á veðinu m/b Rúnu SH-35 (1252) sbr. bréf hans til uppboðsréttarins dags. 26. júní 1983 og þingmerkt hefur verið nr. 1 í máli þessu, en áður-nefnd veðskuldabréf nr. 2 - 8.

Með bréfi dagsettu 28. september 1983 sendi því uppboðshaldari uppboðspola, Halldóri Dagssyni, tilkynningu þess efnis að eftir kröfu Steingríms Þormóðssonar hdl. og samkvæmt heimild í 7 veðskuldabréfum dagsettum 1. maí 1982, verði m/b Rúna SH-35 (1252), þinglýst eign uppboðspola, seld á opinberu uppboði, sem sett verði á skrifstofu embættisins, Aðalgötu 7, Stykkishólmi, föstudaginn 9. desember 1983 kl. 14:00 og síðan háð á eigninni sjálfri eftir ákvörðun uppboðsréttarins til lúkningar kröfum uppboðsbeiðanda, veðskuldum að fjárhæð kr. 709.987,00 auk vaxta og kostnaðar, en svo sem áður er fram komið hafði uppboðspoli greitt kr. 304.034,19 upp í þessar kröfur. Frestur vegna birtingar í Lögbirtingablaðinu var veittur til 13. október 1983. Afrit tilkynningar var send Konráði Júlíussyni útgerðarmanni, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, framkvæmdastjóra Önnu hf., en honum hafði áður verið send tilkynning um uppboðið dags. 21. júlí 1983, sem síðan þurfti að endurtaka og beina til uppboðspola, Halldórs Dagssonar, hins þinglýsta eiganda veðsins.

Er málið var þingfest í uppboðsréttinum 9. desember 1983, var lagt fram 21. dómsskjal varðandi beiðni uppboðsbeiðanda dags. 26. júní 1983 um nauðungaruppboð á veðinu m/b Rúnu SH-35 (1252) og auk þess endurrit úr uppboðsbók Gullbringusýslu frá 22. júlí 1983, er þingfest hafði verið uppboðsmál vegna kröfu Tryggingastofnunar ríkisins um nauðungaruppboð á veðinu, þar skráð m/b Dagur HF-1, og því síðan frestað, fyrst til 2. september 1983 og síðan til 2. nóvember sama ár er sala veðsins skyldi fara fram. Endurritinu fylgdu skjöl málsins, uppboðsbeiðni 1.2., yfirlit og fylgiskjöl, söluskilmálar og veðbókavottorð, og voru þessi skjöl send embættinu með bréfi sýslumanns Gullbringusýslu, dagsettu 2. nóvember 1983.

Málin voru sameinuð.

Uppboðspoli sótti þing við þingfestingu málsins og mótmælti uppboði á eigninni með svofelldri bókun:

„Framgangi nauðungaruppboðsins er mótmælt þar sem þessi 7 skuldabréf eru í skilum samkvæmt bréfanna hljóðan. Gjaldfelling hefur ekki ennþá farið fram að lögum. Málskostnaðarreikningi lögmanns gerðarbeiðanda, kr. 94.000,00, er sérstaklega mótmælt. Uppboðspoli gerir kröfu um að beiðni um nauðungaruppboð verði hafnað og gerðar eru kröfur um málskostnað. Óskað er eftir fresti til gagnaðflunar og greinargerðar.“

Uppboðsbeiðandi hélt fast við kröfu sína um að uppboðið fari fram.

Engar athugasemdir eða mótmæli komu fram gegn uppboðskröfu Tryggingastofnunar ríkisins. Var því ágreiningur uppboðsbeiðandans, Steingríms

Pormóðssonar hdl., og uppboðspólans, Halldórs Dagssonar, um það hvort nauðungaruppboð á veðinu m/b Rúnu SH-35, til lúkningar veðkröfu vegna gjaldfellingar hinna 7 veðskuldabréfa er að framan greinir og tryggð eru með samhliða 4. veðrétti í bátnum, skuli ná fram að ganga, tekinn til sérstakrar meðferðar í uppboðsréttinum og úrskurðar sem uppboðsréttarmál.

Eftir þingfestingu málsins hafa aðilar lagt fram skriflegar greinargerðir o.fl. gögn. Vegna meðferðar málsins þurfti að senda það til sýslumannsins í Húnavatnssýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

Uppboðsmálið var auglýst í 115., 116. og 119. tbl. Lögbirtingablaðsins 1983.

Uppboðsbeiðandi rökstyður kröfu sína um að uppboðið skuli ná fram að ganga fyrst og fremst með því að skuldabréfin, dskj. nr. 2 - 8, sem hann byggir uppboðskröfu sína á, kveði beinlínis sjálf á um heimild til gjaldfellingar, séu greiðslur ekki inntar af hendi á réttum gjalddögum og að öðru leyti farið að í viðskiptum aðila eftir ákvæðum bréfanna sjálfra.

Uppboðsbeiðandi staðhæfir að um lögmæta gjaldfellingu veðskuldabréfanna hafi verið að ræða og mótmælir staðhæfingu uppboðspóla um hið gagnstæða. Hann kveður uppboðspóla hafa verið um það kunnugt hinn 1. apríl 1983 hvar greiða átti af bréfunum og hverjum ætti að greiða af þeim. Hann skýrir svo frá, að í mars 1983 og til 20. apríl s.á. hafi Matthías Sigursteinsson og Sigursteinn Guðmundsson haft hin umkröfðu handhafa-veðskuldabréf í Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi til innheimtu pr. 1. apríl 1983. Þann dag skyldi greiða af bréfunum kr. 141.997,40 í afborgun og kr. 141.997,40 í vexti, og komi skýrt fram í bréfi umboðsmanns uppboðspóla, Birgis Ásgeirssonar hdl., dags. 11. maí 1983, til uppboðsbeiðanda, að uppboðspóli hafi á gjalddaga 1. apríl 1983 vitað bæði um handhöfn og greiðslustað bréfanna, sbr. dskj. nr. 25. Uppboðspóla var þá strax tjáð að það kæmi sér mjög illa fyrir kröfuhafa bréfanna að fá ekki greiðslu á gjalddaga, en þeir skyldu hafa biðlund fram að 15. apríl 1983, en ef umkrafín greiðsla hefði ekki borist þá yrðu bréfin sett í innheimtu til lögfræðings og gjaldfelld.

Hinn 24. apríl 1983 var uppboðsbeiðanda í máli þessu fengin handhöfn umkrafðra handhafaskuldabréfa. En honum hafði verið gerð grein fyrir greiðslutregðu uppboðspóla, svo sem uppboðsbeiðandi tekur fram í greinargerð, dskj. nr. 24, voru téð skuldabréf gjaldfelld 1. maí 1983 frá og með 1. apríl 1983. Uppboðsbeiðandi kveður gjaldfellingarbréfið hafa borist uppboðspóla 2. maí 1983. Vísað er til dskj. nr. 15.

Hinn 6. maí 1983 kom uppboðspóli á skrifstofu uppboðsbeiðanda til viðræðna um að kröfuhafar bréfanna gerðust kaupendur að veðinu m/b Rúnu SH-35 á þeim grundvelli að skuldabréfin, gjaldfelld, yrðu skoðuð sem útborgun af kröfuhafanna hálfu. Var þetta gert með þeim fyrirvara að aðeins

væri um könnunarviðræður að ræða og átti aðeins annar kröfuhafinn, Matthias, aðild að þeim. Á þessum viðræðufundi kveður uppboðsbeiðandi að uppboðspoli hafi tjáð sig alls ófæran um að greiða hina gjaldfelldu skuld, og hafi honum þá verið tjáð að beðið yrði um uppboð á veðinu og var það gert 9. maí 1983, sbr. dskj. nr. 12, svo sem áður er vikið að.

Varðandi greiðsluna hinn 11. maí 1983, kr. 304.034,19, sem greidd var í reikning Sigursteins Guðmundssonar í Búnaðarbankanum á Blönduósi, tekur uppboðsbeiðandi fram að hann líti svo á að aðeins hafi verið um að ræða greiðslu upp í uppboðskröfu hans, enda hafi umrædd veðskulda-bréf þá öll þegar verið gjaldfelld og beðið um uppboð á veðinu. Og enda þótt ætlunin hafi verið að greiða afborgun, vexti og kostnað miðað við gjalddagann 1. apríl 1983, þá hafi þar á skort dráttarvexti kr. 8.360,00, svo og innheimtulaun. Þá er fram komið, að 28. október 1983 hafi Konráð Júlíusson greitt kr. 134.187,06 í afborgun og vexti af skuldabréfunum pr. 1. október 1983 og einnig hafi verið greiddar kr. 8.360,00 sem vangreiddir dráttarvextir vegna gjalddaganna 1. apríl, hvort tveggja í fyrrnefndan bankareikning Sigursteins Guðmundssonar. Einnig þessar greiðslur eru af hálfu uppboðsbeiðanda skoðaðar sem greiðslur upp í uppboðskröfu hans og heldur hann fast við upphaflega gjaldfellingu bréfanna. Hann kvaðst jafnharðan hafa sent umboðsmanni uppboðspola og uppboðspola sjálfum athugasemdir við ofangreindum greiðslumáta og bendir á að fyrrnefndir dráttarvextir voru þrátt fyrir það ekki greiddir fyrr en 26. október 1983, og nægi það atriði eitt sér með hliðsjón af téðum athugasemdum til löglegrar gjaldfellingar. Greiðslan pr. 1. október 1983 var einnig innt af hendi á röngum greiðslustað og 28 dögum eftir gjalddaga. Er því mótmælt, að með greiðslu sinni þann 11. maí 1983 hafi uppboðspoli firrt sig vanskilavítum, enda hafi þá þegar verið búið að biðja um uppboð á veðinu.

Varðandi sendingu sérstakrar greiðsluáskorunar til uppboðspola bendir uppboðsbeiðandi á að þegar litið sé til þess að skuldara bréfanna hafði verið gefinn frestur til 15. apríl til að greiða, ella hafi honum verið hótad uppsögn skuldarinnar og að bréfin yrðu send til lögfræðings til innheimtu, þá verði ekki séð að þörf hafi verið á að skora sérstaklega bréflega á skuldaran að greiða þar sem og greiðslutregða skuldarans hafi verið orðin það berlega ljós er skuldin var gjaldfelld 1. maí 1983. Í bréfinu 1. maí hafi skuldarinn, uppboðspoli í máli þessu, verið krafinn um greiðslu hinnar gjaldföllnu skuldar, þ.e. greiðslu höfuðstóls, ársvaxta, dráttarvaxta og innheimtubóknunar skv. gjaldskrá LMFÍ og sé gjaldfellingin eða eindögum skuldarinnar því skilyrðislaus.

Þá ber uppboðsbeiðandi það einnig fyrir sig að Tryggingastofnun ríkisins hafi einnig beðið um uppboð á veðinu. Varðandi það gjaldfellingarákvæði skuldabréfanna að skuldin sé í gjalddaga fallin ef aðrir skuldheimtumenn

veðþola gangi að veðinu vísar uppboðsbeiðandi til 21. gr.laga nr. 57/1949, sbr 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947 (nú lög nr. 68/1984).

Uppboðspoli byggir kröfu sína um synjun þess að uppboðið nái fram að ganga fyrst og fremst á því að gjaldfelling veðskuldabréfanna, dskj.nr. 2-8, hafi ekki verið gerð með lögsmætum hætti af hálfu uppboðsbeiðanda og þannig að hægt sé að láta gjaldfellingarákvæði bréfanna koma til framkvæmda. Hann kveður hafa skort á réttar tilkynningar af hálfu uppboðsbeiðanda í þessu sambandi, en síðan hafi bréfunum verið komið í full skil samkvæmt ákvæðum þeirra hinn 11. maí 1983 með greiðslu í reikning nr. 44320 í Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi og því sé ekki fyrir hendi lögfræðileg heimild til sölu veðsins á nauðungaruppboði.

Uppboðspoli kveður málsatvik vera þau að í byrjun febrúar 1982 gerði uppboðspoli tilboð í v/b Húnavík HU-38, 29 brúttólesta bát hjá Fasteignamiðstöðinni í Reykjavík, en eigandi bátsins var Húnavík sf., Hlíðarbraut 5, Blönduósi, þ.e. þeir feðgar Sigursteinn Guðmundsson og Matthías Sigursteinsson. Kaupsamningur og afsal voru undirrituð 2. apríl 1982 og voru þá útbúin og undirrituð þau 7 handhafaskuldabréf sem eru til umfjöllunar í réttinum, dskj. nr. 2-8. Bréfin voru afhent Húnavík sf. Leiðrétt er að síðari gjalddaginn samkvæmt bréfunum eigi að vera 1. október, sbr. kaupsamning, en ekki 1. september, svo sem misritast hafði.

Í sambandi við bátakaupin og viðskipti aðila bar uppboðspoli fyrir sig að við afhendingu bátsins hafi hann ekki verið í umsömdu ástandi og hafi það tafið útgerðarrekstur uppboðspola, þá hafi vertið brugðist og því ekki verið hægt að greiða á gjalddaga 1. apríl 1983.

Fór uppboðspoli því fram á gjaldfrest. Skýrði hann öðrum eiganda skuldabréfanna, Matthíasi Sigursteinssyni, svo frá að hann væri með skip sitt v/b Vörðufell í sölu hjá Aðalskipasölunni í Reykjavík og jafnframt væri hann að leita tilboða í m/b Dag HF-1. Taldi hann sölulíkur góðar á þessum árstíma og ætti þá að vera hægt að gera skil fljótlega. Jafnframt tjáði hann Matthíasi að ef hann fengi meðeiganda að m/b Degi og seldi Vörðufellið, þá gæti hann komið skuldabréfunum í full skil. Hafi þá komið til tals milli uppboðspola og Matthíasar, að sá síðarnefndi gerðist meðeigandi að m/b Degi. Heldur uppboðspoli því fram að Matthías hafi talið það koma til greina og í því sambandi farið fram á að fá forkaupsrétt að bátnum. Kveðst uppboðspoli ekki hafa talið það óeðlilegt miðað við aðstæður. Síðan hafi þeir rætt þetta nokkuð í sambandi við uppgjör skuldabréfanna og viðskipti sín, en ekkert orðið úr samningum. Uppboðspoli seldi Vörðufellið 28. apríl 1983 og m/b Dag HF-1 hinn 9. maí 1983 samkvæmt kaupsamningi til Önnu hf. Stykkishólmi. Uppboðspoli kveðst hafa álitnið að um ótímabundinn frest hafi verið að ræða, enda hafi hann og nefndur Matthías staðið í samningaviðræðum.

Uppboðsbeiðandi hefur við munnlegan flutning málsins mótmælt því að þessi atriði og framangreind málsatvik varðandi bátakaupin og viðskipti aðila geti haft nokkur áhrif á rétt handhafa veðskuldabréfanna til að gera reka að innheimtu þeirra samkvæmt ákvæðum bréfanna.

Varðandi aðferð við gjaldfellingu skuldabréfanna bendir uppboðspoli á að hefði átt að gjaldfella bréfin var nauðsynlegt að senda skuldara tilkynningu þar um með sannanlegum hætti og gefa honum tiltekinn lokafrest, annars yrði um gjaldfellingu að ræða. Hann kveður gjaldfellingu vera það alvarlega ákvörðun og afdrifarika fyrir skuldara að það verði að gefa honum síðasta möguleika á greiðslu og láta hann vita að standi til að gjaldfella bréfin ella ekki sist þar sem aðilar hafa átt viðskipti saman og viðkomandi skuldabréf eru hluti af þessum viðskiptum samkvæmt kaupsamningi fyrir liðlega ári. Því hefði uppboðsbeiðandi átt að senda slíka tilkynningu eftir að hann fékk handhöfn bréfanna 24. apríl 1983, sbr. greinargerð hans, dskj. nr. 24. Þar sé einnig viðurkennt að eigendur skuldabréfanna hafi veitt frest og því sé spurning hvort þeir hafi ákvarðað annan gjalddaga með einum eða öðrum hætti, munnlega eða skriflega. Einnig sé spurning hvort líta megi á bréf uppboðsbeiðanda dags. 1. maí 1983 um ákvörðun um nýjan gjalddaga og þá hvort hann hefði átt að vera 1. maí eða hvort líta beri svo á, að þegar slitnaði upp úr samningaviðræðum aðila 6. maí hafi þar með verið brostnar forsendur fyrir frekari fresti og nýr gjalddagi þá 6. maí. Uppboðspoli kveðst ekki telja mögulegt að líta svo á að bréfið dags. 1. maí ákvarði nýjan gjalddaga, til þess sé það of ómarkvisst. Það sé ekki heldur gjaldfellingarbréf þar sem í því felist tilboð um samninga, en óljóst að vísu. Því beri að telja bréfið marklaust. Uppboðspoli kveðst telja vafasamt að nýr gjalddagi hafi myndast 6. maí 1983 því þá hefðu eigendur bréfanna orðið að tjá sig um það. Leggur uppboðspoli áherslu á að hann hafi verið í stöðugu sambandi við eigendur bréfanna frá gjalddaga 1. apríl til 11. maí og þeir hafi því getað ákvarðað nýjan gjalddaga hvenær sem var. Og þó svo að talið yrði að nýir gjalddagar hefðu stofnast 1. maí eða 6. maí, þá hefði vart verið hægt að gjaldfella bréfin fyrir það fyrr en eftir 14 daga sbr. aðfararlög nr. 18/1887, en þá hafi bréfin verið komin í skil.

Að beiðni uppboðspola komu þeir Sigursteinn Guðmundsson og Matthías Sigursteinsson fyrir uppboðsrétt Húnavatnssýslu 7. maí 1984 og gáfu þar skýrslu varðandi framangreint atriði og staðfestu fyrir dómi svolhljóðandi, sbr. dskj. nr. 38 og 39.

„1) Ég undirritaður, Sigursteinn Guðmundsson, læknir, Blönduósi, gef hér með neðangreinda skýrslu varðandi sjö veðskuldabréf að nafnverði kr. 709.987,00, útgefin 1. maí 1982 af Halldóri Dagssyni: Fyrsti gjalddagi skuldarinnar skv. téðum bréfum var 1. apríl 1983 og var aldrei samið um

neinn annan gjalddaga af minni hálfu eða veitt umboð til slíks. Þá vil ég mótmæla sem röngum öllum fullyrðingum Halldórs Dagssonar um fresti á gjalddaga frá 1. apríl 1983 ótímabundið í sambandi við veittan forkaupsrétt að Degi HF-1 sem aldrei var veittur af minni hálfu. Þá vil ég ítreka að frá 9.5. 1983 hefur Steingrímur Þormóðsson hdl. verið handhafi téðra handhafaskuldabréfa.“

2) Í skýrslu sinni segir Matthías Sigursteinsson, útgerðarm. Blönduósi. „.....Fyrsti gjalddagi skuldarinnar skv. téðum bréfum var 1. apríl 1983 og var aldrei samið um neinn annan gjalddaga af minni hálfu. Skuldara bréfanna var gert ljóst í byrjun apríl 1983 að það kæmi sér illa fyrir mig að fá ekki greiðslu á gjalddaga og að allt yrði gert til að innheimta skuldina. Allar fullyrðingar Halldórs Dagssonar um að ég hafi falast eftir kaupum á m/b Degi eru rangar. Hann mun hins vegar hafa boðið mér bátinn til kaups og sagðist ég skyldi hugleiða það, en tók það skýrt fram að það væri óviðkomandi téðum skuldabréfum sem ég enda var ekki eigandi að nema að hluta. Ég vil ítreka að mér hefur aldrei verið veittur nokkur forkaupsréttur að Degi HF-1 og falaðist aldrei eftir honum. Þá vil ég taka fram að frá 9. 5. 1983 hefur Steingrímur Þormóðsson hdl. verið handhafi téðra skuldabréfa.

Uppboðspoli kveðst hafa greitt af bréfnum 11. maí 1983 í Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, þar sem þau hafi verið til innheimtu þar, hann hafi fengið tilkynningu frá bankanum og þangað hafði hann greitt áður vegna viðskipta í sambandi við bátakaupin og þá í sama reikning í bankanum. Hann viðurkennir ekki greiðslustað hjá uppboðsbeiðanda, þar sem hann hafi ekki fengið frá honum venjulegt innheimtubréf, svo sem frá bankanum, heldur bréf dags. 1. maí 1983 um gjaldfellingu skuldabréfanna, sem uppboðspoli viðurkenndi ekki. Hafi greiðslan verið send í reikninginn í Búnaðarbankanum til að tryggja það að eigendur skuldabréfanna, þ.e. þeir feðgar Sigursteinn og Matthías, fengju sitt, en uppboðspoli vildi ekki viðurkenna kröfu uppboðsbeiðanda um innheimtulaun með vísun til gjaldskrár LMFÍ. Hann kveður vera ágalla á bréfi uppboðsbeiðanda dags. 1. maí 1983. „...Þar sem í þessu bréfi eru sambland af tilraun til gjaldfellingar, tilraun til samningsþvingunar og tilraun til innheimtu á alltof hárrí þóknun til lögmanns langt umfram leyfilegt samkv. gjaldskrá LMFÍ og er því mótmælt að bréf þetta hafi nokkurt lagalegt gildi til tjóns fyrir umbj.m.“, svo sem segir orðrétt í greinargerð lögmanns uppboðspola, dskj. nr. 27, bls. 8.

Uppboðspoli kveðst hafa farið í banka og látið reikna út greiðsluna 1. apríl 1983 og miðaðist útreikningur við dagvexti í 15 daga eftir gjalddaga. Hann mótmælir því að umrædd vangreiðsla á vöxtum kr. 8.360,00 nægi ein sér til gjaldfellingar bréfanna.

Þá kveður uppboðspoli vera ágalla á uppboðsbeiðninni dags. 9. maí 1983, þar sem þar hafi þess ekki verið getið að báturinn hafði verið seldur Önnu hf. Stykkishólmi og ekki sé þess getið í uppboðsbeiðninni hverjir séu eigendur veðskuldabréfanna. Vísað er til 6. gr. uppboðslaga nr. 57/1949.

Uppboðspoli kom fyrir dóm 14. desember 1984 og staðfesti aðiljaskýrslur, dskj. nr. 15 og 28. Hann gerði jafnframt þá leiðréttingu á ummælum í greinargerð dskj. nr. 27 að þeir Sigursteinn og Matthías hafi ekki fengið að sjá kauptilboð um m/b Rúnu SH-35 hinn 6. maí 1983, heldur hafi aðeins verið greint frá heildarverði eða tilboði sem þá hafði komið í bátinn.

Uppboðsbeiðandi mótmælti þessum aðiljaskýrslum sem röngum.

Niðurstaða.

Veðskuldabréf þau, sem eru uppboðsheimild í máli þessu, eru 7 handhafaskuldabréf, útgefin hinn 1. maí 1982 af uppboðspola, Halldóri Dagsyni til handhafa. Bréfin eru samtals að nafnverði kr. 709.987,00 og tryggð með 4. veðrétti og uppfærslurétti í m/b Rúnu SH-35 (áður Húnaröst HU-38 og Dagur HF-1). Þeim var þinglýst 1. júní 1982 án athugasemda, auðkennd Litra nr. 533-539/1982.

Samkvæmt samhljóða ákvæðum í skuldabréfunum hefur útgefandi skuldbundið sig til að endurgreiða handhafa þeirra skuldina með 9 afborgunum á 6 mánaða fresti. Gjald dagar skulu vera 1. apríl og 1. október ár hvert í fyrst skipti 1. apríl 1983. Verði ekki staðið í skilum með greiðslur vaxta eða afborgana á réttum gjalddögum, skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt er þá heimilt að fella alla skuldina í eindaga fyrirvaralaust og án uppsagnar.

Síðan segir að þegar skuldin sé í eindaga fallin samkvæmt framangreindu, geti veðhafi látið selja hið veðsetta skip á opinberu nauðungaruppboði, án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. veðlaga frá 4. nóv. 1887.

Það er viðtekin venja þegar veðhafi krefst sölu veðsettrar eignar á nauðungaruppboði vegna vanskila á greiðslu afborgana eða vaxta af veðskuldabréfi með uppboðsheimild sem þessa að þá krefst hann sölu veðsins til lúknningar á öllum eftirstöðvum höfuðstólsins auk vaxta og kostnaðar. Hefur hann þá venjulega áður sent skuldara tilkynningu þar að lútandi. Frávik frá þessum rétti veðhafa varðandi kröfu um greiðslu skuldar samkvæmt slíkum handhafabréfum, og þar með samsvarandi hlutdeild í uppboðsandvirði veðsins við úthlutun þess, komi til uppboðssölu, þarf veðhafi venjulega ekki að sætta sig við, nema til komi sérstakir samningar þar um milli aðila.

Gegn mótmælum þáverandi eigenda veðskuldabréfanna, þeirra Sigursteins Guðmundssonar og Matthíasar Sigursteinssonar, og samkvæmt

framburði þeirra fyrir uppboðsrétti Húnavatanssýslu 7. maí 1984, sbr. dskj. nr. 38 - 39, verður að telja ósannað að samið hafi verið um annan gjalddaga en 1. apríl 1983, svo sem kveðið er á um í bréfunum sjálfum. Sama gildir um greiðslufrest, nema þá til 15. apríl s.á. eftir umtali aðila, þegar uppboðspoli tjáði sig ekki geta greitt á gjalddaganum 1. apríl. Viðræður aðila, sem að framan greinir, á meðan á greiðsludrætti af hálfu uppboðspola stóð, geta engu breytt í þessum efnum uppboðspola í vil.

Fallast ber á það sjónarmið uppboðsbeiðanda að viðskipti þau, sem liggja að baki útgáfu umræddra handhafabréfa eða voru ástæða til útgáfu þeirra í viðskiptum aðila, svo sem bátakaupin sjálf eða útgerð bátsins og léleg aflabrögð eftir útgáfu bréfanna eða aðrar aðstæður uppboðspola, geti ekki að lögum haft áhrif á eða breytt réttarstöðu veðhafa samkvæmt ákvæðum handhafa bréfanna. Ósannað er að um nokkur frávik af þessum sökum hafi verið samið svo að bindandi geti talist.

Þegar 1. afborgun féll í gjalddaga 1. apríl 1983 voru skuldabréfin vistuð til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi. Viðurkennt er af uppboðspola að hann hafi fengið í tæka tíð fullnægjandi tilkynningu frá bankanum um greiðslu afborgana og vaxta af bréfunum með tilliti til þessa fyrsta gjalddaga þeirra. Þegar ekkert hafði verið greitt af bréfunum 1. maí 1983 samkvæmt tilkynningu Búnaðarbankans, hafði uppboðsbeiðanda, Steingrími Þormóðssyni hdl., verið falin innheimta þeirra. Enda þótt finna megja vissa ágalla, miðað við stöðu mála, á bréfi uppboðsbeiðanda til uppboðspola, dags. 1. maí 1983, dskj. nr. 9, verður að telja að í því felist nægileg tilkynning til uppboðspola um staðfestingu á gjaldfellingu umræddra handhafabréfa vegna vanskila, jafnframt því að greiðslustaður þeirra hafi færst frá Búnaðarbanka Íslands til lögmannsskrifstofu uppboðsbeiðanda. Bar því að greiða skuldina þar. Í bréfi uppboðsbeiðanda er skuldin sérstaklega sundurliðuð og sögð vera með vöxtum og kostnaði samtals kr. 1.021.145,00. Því hefur ekki verið mótmælt að uppboðspoli móttók tilkynningu þessa 2. maí 1983, enda mætti hann á lögmannsstofu uppboðsbeiðanda skömmu síðar eða 6. maí til viðræðna um möguleika á uppgjöri eða aðra lausn málsins, sem þó bar ekki árangur, og uppboðsbeiðandi lagði fram uppboðsbeiðni með kröfu um sölu veðsins til lúkningar allri fjárhæðinni, dags. 9. maí 1983. Þykir sannað að þá hafi uppboðsbeiðandi verið orðinn handhafi bréfanna. Er því vafalaust að honum var heimilt að reka uppboðsmálið sem gerðarbeiðandi í eigin nafni.

Uppboðsbeiðandi beindi uppboðsbeiðni sinni réttilega að uppboðspola Halldóri Dagssyni, sem þá var þinglýstur eigandi veðsins og er svo enn þrátt fyrir flutning þess og skrásetningu í Stykkishólmi hinn 11. maí 1983. Öðru varðandi eignarréttindi yfir veðinu hefur ekki verið þinglýst. Hlaut því málið nafnið: Steingrímur Þormóðsson hdl. gegn Halldóri Dagssyni. For-

ráðamanni nýs eignaraðila skv. kaupsamningi Önnu hf., Stykkishólmi, hefur verið kunnugt um málið allt frá því það kom fyrir uppboðsrétt þessa umdæmis, en kaupsamningur þessi er dagsettur sama dag og uppboðsbeiðnin. Með tilliti til þessa verður ekki séð að athugasemdir uppboðspóla við uppboðsbeiðnina geti skipt máli, sbr. 6. gr. laga 57/1949.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, hefur greiðslum af umræddum handhafabréfum, allt frá því þau voru gjaldfelld með bréfi dags. 1. maí 1983 og uppboðsbeiðni var lögð fram 9. maí s.á., aldrei verið þannig háttað að þau teldust vera í fullum skilum á réttum gjalddaga þeirra, enda þótt ætlunin hafi e.t.v. verið að miða við það með greiðslunum.

Pegar 1. greiðslan, kr. 304.034,19, fór fram 11. maí 1983, sem var 40 dögum eftir gjalddaga, var hún send til Búnaðarbankans á Blönduósi þrátt fyrir vitneskju uppboðspóla 9 - 10 dögum áður um gjaldfellingu bréfanna, breytta handhöfn þeirra og nýjan greiðslustað, þ.e. hjá uppboðsbeiðanda, sbr. fyrrnefnt bréf hans dags. 1. maí 1983. Kom þá í ljós að ógreiddir voru dráttarvextir kr. 8.360,00 og innheimtulaun sem aðilar voru ekki ásáttir um. Með greiðslu uppboðspóla á vöxtum þessum 28. október 1983 eða nær 7 mánuðum eftir gjalddaga er réttmæti þeirra viðurkennt.

Greiðsla afborgana og vaxta af bréfunum pr. 1. október 1983 kr. 134.197,06 fór fram 28. sama mánaðar. Greiddi Konráð Júlíusson þá fjárhæð sem var einnig send Búnaðarbankanum. Við munnlegan flutning málsins 14. desember sl. var viðurkennt af báðum aðilum málsins að afborganir og vextir, sem greiða átti á árinu 1984, voru að verulegu leyti í vanskilum. Tilgreindar ástæður uppboðspóla fyrir því að beina greiðslum í fyrrnefndan reikning í Búnaðarbankanum á Blönduósi í stað þess að greiða uppboðsbeiðanda þykja ekki hafa við rök að styðjast með vísun til þess sem að framan hefur verið rakið.

Loks liggur fyrir í málinu að 22. júlí 1983 var uppboðsmál þingfest í uppboðsrétti Gullbringusýslu vegna uppboðs á veðinu að kröfu Tryggingastofnunar ríkisins er síðan skyldi fara fram á eigninni sjálfri 2. nóvember 1983, en var þá frestað og málið sent þessu embætti til áframhaldandi meðferðar. Var það sameinað þessu uppboðsmáli og hefur verið í fresti síðan. Uppboðsbeiðni Tryggingastofnunar ríkisins hefur ekki verið afturkölluð.

Pegar litið er á framangreind atvik og allt það virt sem nú hefur verið rakið verður að telja að uppboðspóli hafi gerst sekur um vanefndir sem uppboðsbeiðandi og handhafi veðskuldabréfanna þurfi ekki að sætta sig við, og réttlæti eindögun allrar skuldarinnar og sölu veðsins á uppboði samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 68/1984. Til sömu niðurstöðu leiðir einnig framangreint eldra uppboðsmál, sem áður hafði verið ákveðið að færi fram, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1949. Verður því hið umbeðna uppboð látið ná fram að ganga sam-

kvæmt kröfum uppboðsbeiðanda og fer uppboðið fram á hans ábyrgð.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í þessu uppboðsréttarmáli verði látinn falla niður.

Jóhannes Árnason sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 21. október 1986.

Nr. 114/1985. **Framleiðsluráð landbúnaðarins**

(Þórolfur Kristján Beck hrl.)

gegn

Aðalsteini Árnasyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Ásgeir Magnússon, aðalfulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 11. gr. laga nr. 29/1985, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 9. maí 1985. Hann gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur að því marki, sem lögtaki var synjað, og að heimilað verði að lögtak nái fram að ganga fyrir 34.645,00 krónum með mánaðarlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: 5% frá 1. apríl 1983 til 21. október s.á., 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til